

Á R S S K Y R S L A

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1 9 7 7 - 1 9 7 8.

Stjórnarkjör:

Á 17. ársþingi K.K.Í. voru eftirtaldir kjörnir í stjórn sambandsins fyrir komandi starfsár:

Sigurður Ingólfsson, formaður

Páll Júlíusson

Þorsteinn Guðnason

Guðrún Ólafsdóttir

Sigurður Valur Halldórsson.

Í varastjórn:

Birgir Örn Birgis

Bogi Þorsteinsson.

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Sigurður Ingólfsson, formaður

Páll Júlíusson, varaformaður

Þorsteinn Guðnason, gjaldkeri

Guðrún Ólafsdóttir, ritari

Sigurður Valur Halldórsson, meðstjórnandi.

Nefndir K.K.Í. 1977 - 1978:• Mótanefnd:

Kristinn Ó. Magnússon, formaður
 Stefán Ingólfsson
 Birgir Guðbjörnsson.

Landsliðsnefnd:

Guðrún Ólafsdóttir, formaður
 Ingvar Sigurbjörnsson
 Birgir Örn Birgis
 Helgi Jóhannsson

• Dómaranefnd:

Jón Otti Ólafsson, formaður
 Sigurður Valur Halldórsson
 Erlendur Eysteinnsson

• Tækninefnd:

Anton Bjarnason, formaður
 Guttormur Ólafsson
 Guðmundur Þorsteinsson

• Laga og leikreglnanefnd:

Kristbjörn Albertsson, formaður
 Þorsteinn Hallgrímsson
 Sigurður Valur Halldórsson

• Unglinganefnd:

Gunnar Gunnarsson, formaður
 Kristinn Stefánsson

Minniboltanefnd:

Stefán Kristjánsson, formaður
 Erlendur Markússon
 Ingvar Jónsson
 Kristján Sigurðsson
 Bogi Þorsteinsson

Aganefnd:

Jón Eysteinnsson, formaður
Guðmundur Árnason
Hrafn Johnsen

Dómstóll K.K.Í.:-

Aðalmenn:
Kristbjörn Albertsson
Hólmsteinn Sigurðsson
Atli Arason

Varamenn:
Sigurður Þórarinnsson
Sigurður Valur Halldórsson
Ingi Stefánsson.

Stjórnarstörf:

Alls voru haldnir 53 bókaðir fundir á starfstímabili stjórnarinnar og voru helstu verkefni hennar þessi:

1. Sendir fulltrúar á ársþing FIBA.
2. Körfuknattleiksskólinn að Laugarvatni.
3. Bingó og ársfagnaður K.K.Í.
4. Aukþing K.K.Í.
5. Móttaka bandaríska háskólaliðsins, Luther College.
6. Landsliðsmál.
7. Fjármál o.fl.
8. Undirbúningur og framkvæmd Polar Cups.
9. Unglingalandsliðsmál.
10. Þjálfaramál.
11. Sendiherrakeppnin.
12. Landsliðshappdrætti K.K.Í.
13. Minniboltamótið 1978.
14. Bikarkeppnin 1978.
15. Íslandsmótið 1978.

Sendir fulltrúar á ársþing FIBA.

Fulltrúar K.K.Í. á ársþingi FIBA voru að þessu sinni þeir Bogi Þorsteinsson og Þorsteinn Guðnason. Var þingið haldið í Stresa á Ítalíu í byrjun júní 1977. Helsti ávinningur af ferð þeirra þangað var að þeir komu unglíngalandsliði í riðil sem leikinn var í Þýskalandi á stað riðils í Tyrklandi eins og ákveðið hafði verið.

Körfuknattleiksskólinn að Laugarvatni.

Æ erfiðara reynist nú að fá yngstu körfuknattleiksiðkendurna til að mæta í körfuknattleiksskólann yfir sumartímann. Bæði er að unglíngarnir virðast uppteknir við annað og þó einkum að forráðamenn félaganna sýndu þessu lítinn áhuga. Einungis örfáar tilkynningar um þátttöku bárust. Varð því miður að aflýsa námskeiðinu og er það miður. Er vonandi að betur takist til um á þessu sumri. Unglíngalandsliðið dvaldi hins vegar um vikutíma á vegum K.K.Í. að Laugarvatni.

Bingó og ársfagnaður K.K.Í.

Bingó K.K.Í. var nú haldið þriðja árið í röð. Skyldi bingóið haldið til styrktar landsliðsnefnd vegna væntanlegrar utanfarar landsliðsins. Ekki voru sem hentugastir dagar á lausu í Sigtúni fyrir áramót og útkoman varð sú að tap varð á fyrirtækinu og kom það sér mjög illa og dró að nokkru úr dug landsliðsnefndar að sú fjáröflunarleið brást. Einnig sárnaði stjórninni það, að innan við 10 andlit úr körfuknattleiknum sáu það kvöldið til að spila. Skal sérstaklega þakka ÍR stúlkum störf á bingókvöldinu.

Ársfagnaður K.K.Í. var haldinn rétt fyrir jól í veitingahúsinu Sesar og höfðust þar af nokkrar tekjur.

Aukabing K.K.Í.

Aukabingið var haldið 6. desember að Hótel Esju. Þar var borin fram og samþykkt samhljóða tillaga stjórnar K.K.Í. um breytingar á skipan 1. deildar keppnistímabilið 1978-1979. Samþykkt var að leika skyldi tvöfalda umferð átta liða í stað fjórfaldrar umferðar 6 liða. Þau lið sem féllu úr 1. deild nýafstaðins Íslandsmóts tækju sæti í deildinni, en sigurvegari núverandi 3ju deildar tekur sæti þess félags er féll úr 2. deild í vetur. Verður því 1. deildin jafn umfangsmikil og hún hefur ávallt verið. Voru tillögur þessar kynntar og ræddar á formannafundi skömmu fyrir þingið.

Luther College.

Fyrir milligöngu bandaríska sendiráðsins og People to People kom bandaríska háskólaliðið Luther College til Reykjavíkur milli jóla og nýjárs og léku hér 3 leiki. Unnust tveir, en einn tapaðist naumlega. Var hér haldið þjálfaranámskeið í tengslum við heimsóknina, er góðvinur okkar Kent Finnager hélt. Í förinni var einnig Leonard Milton forseti People to People og heimsótti hann ásamt fleirum, forseta Íslands og afhenti honum góðan grip til eignar. Sjá nánari skýrslu landsliðsnefndar.

Landsliðsmál.

Á miðju sumri 1977 barst boð frá norska sambandinu um að taka þátt í 10 ára afmælistóti í janúar. Reiknuðu þeir þá með þremur til fjórum landsliðum í þeirri keppni. Buðu þeir K.K.Í. styrk til fararinnar og ákvað landsliðsnefnd að þiggja boðið. Er til kom var einungis um þrjá leiki að ræða við landslið Noregs og má því efalaust deila um réttmæti fararinnar. Eg tel þó, að mjög mikils virði hafi verið að fá samiburð við norska landsliðið með hliðsjón af væntanlegum Polar-Cup, auk þess sem ferð þessi varð tiltölulega ódýr.

Auk þessa var landsliðinu boðið til keppni í Bandaríkjunum en það boð kom með mjög litlum fyrirvara og kostnaðarsamt þar eð greiða þurfti ferðakostnað til og frá Wasington.

Var því ákveðið að þiggja ekki boðið.

Einnig kom til tals að þiggja boð frá portúgalska sambandinu, sem þar hélt mót. Var það mál kannað nokkuð og var meðal annars athugað hvort hægt væri að komast á ódýran hátt með flugvélum sem þangað áttu leið til viðgerðar.

Reyndist það ekki hægt og ákveðið að fara ekki.

Þótti stjórninni leitt að geta ekki endurgoldið Portugölum ferð þeirra hingað fyrir tveim árum.

Þess má geta að stjórninni var mörkuð sú stefna á síðasta ársþingi, að auka ekki við skuldir sambandsins, en til þess að standa straum af kostnaði við utanferðir landsliðsins, sem hafa verið langkostnaðarmesti þátturinn í rekstri sambandsins undanfarin ár, verður að finna nýja lausn.

Það að ætla landsliðsnefnd það verkefni finnst mér ekki koma til greina. Hún á nóg með hin eiginlegu landsliðsverkefni.

Fjármál o.fl.

Mörg mál hafa komið til kasta stjórnar K.K.Í. og er þeirra ekki getið sérstaklega í þessari skýrslu. Vert er þó að geta fjármálanna sem hafa gengið eins og rauður þráður í gegnum alla stjórnarfundir. Það virkar hreinlega niðurdrepandi að þurfa sífellt að vinna undir þeirri skuldabyrði sem hvílir á K.K.Í. Hið opinbera verður hreinlega að breyta um stefnu gagnvart sérsamböndunum og íþróttahreyfingunni í heild. Þá gætu forráðamenn félaganna og sambandanna einbeitt sér að hinu eiginlega starfi, íþróttunum sjálfum.

Þess má geta að norska körfuknattleikssambandið fær um 20 milljónir í styrk á ári frá ríkinu og hefur þrjá menn í starfi á skrifstofu sambandsins. Sænska sambandið fær álika upphæð fyrir auglýsingareingöngu, þannig aðstöðumunur er nokkur.

Polar Cup.

Polar Cup var haldin hér í Reykjavík seinni hluta apríl og fór mótið hið besta fram í hvívetna. Var skipulagning og framkvæmd rómuð af hinum erlendu gestum. Er þeim Pólar Cup nefndarmönnum færðar bestu þakkir stjórnarinnar fyrir vel unnin störf. Sjá nánar um mótið í skýrslu nefndarinnar.

Unglingalandsliðsmál.

Sem fyrr voru mál unglíngalandsliðs í höndum þeirra Gunnars Gunnarssonar og Kristins Stefánssonar. Ekki þarf að fjölyrða um að þar var unnið gott og óeigingjarnt starf sem vonandi á eftir að skila góðum árangri. Unglíngalandsliðið fór í tvær keppnisferðir á árinu og skal vísað til skýrslu U.L. nefndar um ferðir þessar svo og starfsemi nefndarinnar.

Þjálfaramálefni.

Þjálfaramálin voru erfið við að fást í upphafi stjórnartímabilsins. Erfiðlega gekk að skipa landsliðsnefnd og hafði því stjórnin nokkur afskipti af landsliðsmálum framan af og reyndar allan veturn, þar eð séð varð að nefndin gæti ekki starfað fjárhagslega óháð, Þjálfari var ráðinn Helgi Jóhannsson og starfaði með landsliðinu við þau verkefni sem það kom til að glíma við. Þar eð keppnin í fyrstu deild var með harðasta móti síðastliðinn vetur, máttum við teljast góðir að fá þjálfara fyrstu deildar liðs til starfa með landsliði, því að menn vildu ógjarnan sjá af tíma sínum til landsliðs. Á þetta líka við um liðsmenn og er vissulega erfitt fyrir þá sem starfa að landsliðsmálum, að setta sig við það. Á þetta raunar við um fleiri flokkaíþróttir og er það miður. Fyrirsjáanlegt er að með auknum umsvifum úrvalsdeildar á komandi vetri verða landsliðsmál enn erfiðari viðfangs og líklega tómt mál að tala um að fá hingað hæfan erlendan þjálfara til að vinna með landsliðinu, því svigrúm fyrir það virðist ekki vera fyrir hendi. Við vorum svo heppnir að fá hingað til lands í stuttan tíma fyrir Polar Cup, bandaríska þjálfarann Denny Houston frá University of Wasington, og er það mál þeirra sem hann þjálfaði að þeir hefðu mikið af honum lært. Hann hélt hér einnig þjálfaranámskeið í tengslum við Polar Cup og er vonandi að þeir sem það sóttu hafi fræðst nokkuð. Minna má á það að öðru hvoru berast upplýsingar um þjálfaranámskeið sem haldin eru víða um heim og er vonandi að íslenskir þjálfarar sjái sér fært að sækja þau til að afla sér aukinnar menntunar.

Sendiherrakeppnin.

Sem fyrr sá KKRR um þá keppni og lék landsliðið fullskipað tvo leiki við úrval af Keflavíkurflugvelli. Var það liður í æfingu fyrir norðurlandamótið. Úrslit keppinnar urðu þau að íslenska liðið sigraði í fjórum leikjum en einn tapaðist. Er stjórn KKRR þakkað gott samstarf varðandi keppnina.

Landshappdrætti KKÍ.

Tekjur af happdrættinu urðu á þessu ári minni en oftast áður af ýmsum ástæðum. Misbrestur varð á að félögin fengju senda miða og uppgötvaðist það ekki fyrr en um seinan. Ýmsum fyrirtekjum var sem áður sendir miðar og voru undirtektir fremur dræmar. Þó að svo hafi farið í ár tel ég að hiklaust megi stóla á þennan tekjulið í framtíðinni, enda þótt félögin telji sig efalaust fá fljótteknari hagnað af söfnun auglýsinga í leikskrár.

Minniboltamót 1978.

Mótið var haldið í Hagaskóla 12-14 maí með þátttöku 13 liða. Er leitt til þess að vita að erfitt er að fá menn til að starfa fyrir þennan aldurshóp og má segja að mótið hafi verið seint á ferðinni og gengið á ýmsu. Vill stjórnin þakka Jóni Jörundssyni sérstaklega fyrir hans þátt og má segja að hann hafi hreinlega bjargað mótinu.

Bikarkeppnin 1978.

15 aðilar tilkynntu þátttöku í karlaflokki og 4 í kvennaflokki. Fór keppnin fram í febrúar og mars. Eins og í Íslandsmóti varð aðsókn góð á flesta leiki og er ljóst að koma verður upp föstum reglum um tekjuskiptingu af leikjum þegar á næsta ári. Sjá nánar skýrslu mótanefndar.

Íslandsmótið 1978.

Sem fyrr sá mótanefnd um framkvæmd mótsins og mæddi mikið starf á formanni hennar Kristni Ó Magnússyni. Sú stefna var tekin í upphafi að "keyra" mótið í gegn í einni lotu án hléa og gafst það vel. Keppni var spennandi út allt mótið og var greinilegt að þau hús sem notuð eru undir keppni eru að verða of lítil og fæla ef til vill áhorfendur frá sem sést best á því að um 1500 manns sáu úrslitaleik mótsins í Laugardalshöll, sem er metaðsókn hérlandis. Ýmsir hnökrar urðu á mótinu, má nefna sérstaklega að þátttökutilkynningar bárust seint frá félögum, leikir féllu niður af viðráðanlegum og óviðráðanlegum orsökum

og oft var umsjón félaganna áfátt. En hinum fjölmörgu aðilum sem stóðu að framkvæmd mótsins vill stjórn KKÍ þakka vel unnin störf.

Vísast að öðru leyti til skýrslu mótanefndar.

Skýrsla mótanefndar.

Upphaflega tilkynntu 25 félög 81 flokk til keppni í Íslands-mótinu 1978, en 9 flokkar voru dregnir úr mótinu við upphaf þess eða eftir að keppni var hafin.

Mjög erfiðlega gekk að fá þátttökutilkynningar frá félögunum og torveldaði starf mótanefndar verulega. Varð það til þess að ekki reyndist unnt að senda út uppkast að leikjaskrá í öðrum flokkum en 1. deild. Afleiðingarnar voru svo þær að verulegar breytingar varð að gera á niðurröðun eftir að mótið hófst.

Mjög bagalegt var einnig hversu margir flokkar voru dregnir út úr mótinu, sérstaklega í kvennaflokkum, þar sem 4 af 10 tilkynntum flokkum féllu út. Urðu af þessum sökum stór göt í mótinu fyrir þá flokka. Veruleg brögð voru að því að umsjón félaga brygðist, sérstaklega í Reykjavík og þurfti að fresta mörgum leikjum af þeim sökum. Vafalaust má benda á í því sambandi að leikjaskrá hafi ekki verið nógu vel unnin með tilliti til umsjónar, en til þess að félög geti gert kröfu til góðrar niðurröðunar, verður á móti að gera þá kröfu til þeirra að mótanefnd sé gefinn tími til þess að raða niður í mótið og félögin sendi þá þátttökutilkynningar á réttum tíma. Eitt er það atriði, sem verulega þarf að bæta, það er að skýrslur séu sendar til skrifstofu KKÍ innan sólarhrings frá leik, eins og reglurnar mæla fyrir um. Í mörgum tilfellum verður þessu ekki við komið, en óverjandi er að það taki mánuði að senda leikskýrslur, og fjöldinn allur berst raunar aldrei. Vert er að þakka það sem vel er gert í þessu sambandi, en best hafa skýrslur innheimst frá Akureyri og Njarðvík. Áberandi verst hafa skýrslur hins vegar borist úr Kennaraháskóla. Síðasta ársþing vísaði því til mótanefndar að ákveða tekjuskiptingu vegna bikarkeppni. Mótanefnd hefur ekki viljað taka einhliða ákvörðun í þessu máli, en leggur fyrir ársþing ýtarlegar tillögur að reglugerð fyrir bikarkeppni. Tekjuskipting í vetur hefur því verið með sama hætti og tíðkast hefur. Sérstaklega er vert að geta þess að reglum ýmslum er verulega ábótavant og vandséð hvernig óvanir menn geta tekið að sér mótanefndarstörf án þess að upp komi einhver vandræði í byrjun. Verkefni mótanefndar var Íslandsmótið 1978 og að hluta bikarkeppni 1978, en óljóst er skv. gildandi reglum hvort bikar-

keppnin fellur undir mótanefnd. Hér á eftir fara úrslit leikja í Íslandsmóti og bikarkeppni. Þar sem svigi er um úrslit er um að ræða leiki, sem skýrslur hafa ekki borist af, en aflað hefur verið upplýsinga um eftir öðrum leiðum.

1. deild.

KR:UMFN	71-76	ÍR:KR	64-91
KR:Valur	70-69	ÍR:UMFN	76-90
KR:ÍS	94-95	ÍR:Valur	83-88
KR:ÍR	98-87	ÍR:ÍS	81-90
KR:Þór	102-81	ÍR:Þór	102-81
KR:Fram	94-79	ÍR:Fram	78-76
KR:Ármann	108-60	ÍR:Ármann	88-81
UMFN:KR	68-70	Þór:KR	71-86
UMFN:Valur	91-93	Þór:UMFN	63-68
UMFN:ÍS	110-75	Þór:Valur	56-75
UMFN:ÍR	114-89	Þór:ÍS	71-87
UMFN:Þór	89-70	Þór:ÍR	86-76
UMFN:Fram	96-72	Þór:Fram	67-53
UMFN:Ármann	136-84	Þór:Ármann	75-65
Valur:KR	77-86	Fram:KR	79-93
Valur:UMFN	70-76	Fram:UMFN	72-74
Valur:ÍS	88-89	Fram:Valur	78-79
Valur:ÍR	95-57	Fram:ÍS	68-75
Valur:Þór	76-72	Fram:ÍR	90-114
Valur:Fram	82-71	Fram:Þór	80-76
Valur:Ármann	112-82	Fram:Þór	80-75
ÍS:KR	104-107	Ármann:KR	93-127
ÍS:UMFN	93-94	Ármann:UMFN	88-100
ÍS:Valur	91-107	Ármann:Valur	93-107
ÍS:ÍR	97-86	Ármann:ÍS	79-88
ÍS:Þór	103-91	Ármann:ÍR	82-98
ÍS:Fram	99-74	Ármann:Þór	69-80
ÍS:Ármann	99-73	Ármann:Fram	81-91

Úrslitaleik þurfti því um Íslandsmeistaratignina:

KR:UMFN 96-88

Íslandsmeistari varð því KR.

2. deild.

Snæfell: ÍV	66-67
Snæfell:UBK	93-60
Snæfell:UMFG	84-63
Snæfell:KFÍ	63-58
ÍV:Snæfell	61-62
ÍV:UBK	66-46
ÍV:UMFG	59-62
ÍV:KFÍ	69-63
UBK:Snæfell	72-78
UBK:ÍV	60-42
UBK:UMFG	fór ekki fram, þar sem dómara mættu ekki
UBK:KFÍ	100-75
UMFG:Snæfell	88-107
UMFG:ÍV	(0-2)
UMFG:UBK	58-105
UMFG:KFÍ	77-79
KFÍ:Snæfell	66-59
KFÍ:ÍV	72-76
KFÍ:UBK	68-73
KFÍ:UMFG	78-73

Haukar hættu þátttöku, en höfðu leikið eftirtalda leiki:

UBK:Haukar	71-62
Haukar-ÍV	35:72

Sigurvegari í 2. deild varð því Snæfell og lék um sæti í úrvalsdeild við Þór frá Akureyri, sem varð í 6. sæti í 1. deild

Þór-Snæfell
Snæfell-Þór

Þór leikur því í úrvalsdeild að ári, en Snæfell í 1. deild Haukar leika í 2. deild að ári.

3. deild.A-riðill

Tindastóll:UMFS	2-0
Tindastóll:Esja	
Esja:Tindastóll	70-84
Esja-UMFS	55-78
UMFS:Tindastóll	72-82
UMFS:Esja	65-77

B-riðill

ÍBK:LÉTTIR	85-56
ÍBK:ÚÍA	74-53
Léttir:ÍBK	47-78
Léttir:ÚÍA	54-53
ÚÍA:ÍBK	80-87
ÚÍA:Léttir	2-0

C-riðill

Hörður:Selfoss	82-37
Mímir:Hörður	76-79
Selfoss:Mímir	0-2

Til úrslita léku því Tindastóll, ÍBK og Hörður.
Úrslitakeppnin fór fram dagana 21, 22 og 23 apríl.

ÍBK:Tindastóll	62-58
Tindastóll:Hörður	76-58
Hörður:ÍBK	47-65

Sigurvegari í 3. deild varð því ÍBK og leikur í 2. deild að ári.

1. flokkur.

Fram:ÍS	79-87	KR:Valur	81-54
Fram:KR	76-138	UMFN:Fram	81-84
Fram:UMFS	2-0	UMFN:KR	74-86
ÍS:UMFN		UMFS:ÍS	46-56
ÍS:Valur		UMFS:UMFN	
KR:ÍS	94-73	UMFS:Valur	57-71
KR:UMFS	2-0	Valur:Fram	2-0
		Valur:UMFN	73-75

Íslandsmeistari er því KR.

2. flokkur.A-riðill

Árman: Fram	53-42	KR: Árman	0-2
Árman: ÍR	63-52	KR: Fram	0-2
Árman: KR	75-51	KR: ÍR	2-0
Árman: Valur		KR: Valur	35-75
Fram: Árman		Valur: Árman	45-67
Fram: ÍR	90-73	Valur: Fram	39-83
Fram: KR	58-57	Valur: ÍR	51-97
Fram: Valur	92-53	Valur: KR	
ÍR: Árman	0-2		
ÍR: Fram	75-87	Úrslitaleikur í riðlinum	
ÍR: KR		Fram: Árman	55-47
ÍR: Valur	0-2		

B-riðill

ÍBK: UMFG	76-78	UMFN: ÍBK	74-62
ÍBK: UMFN	38-71	UMFN: UMFG	78-76
ÍBK: Tindastóll		UMFN: Tindastóll	69-65
UMFG: ÍBK		Tindastóll: ÍBK	2-0
UMFG: UMFN	58-74	Tindastóll: UMFG	2-0
UMFG: Tindastóll	63-95	Tindastóll: UMFN	50-55

Til úrslita í 2. flokki léku því UMFN og Fram og fóru fram þrír leikir:

UMFN: Fram	72-71
FRAM: UMFN	68-64

Hreinn úrslitaleikur fór fram á Selfjarnarnesi

Fram: UMFN	91-75
------------	-------

Íslandsmeistari er því Fram.

3. flokkur.A-riðill

Haukar:ÍBK	52-32
Haukar:UMFG	80-27
Haukar:UMFN	52-31
ÍBK:Haukar	31-41
ÍBK:UMFG	45-36
ÍBK:UMFN	32-30
UMFG:Haukar	28-47
UMFG:ÍBK	37-43
UMFG:UMFN	
UMFN:Haukar	31-62
UMFN:ÍBK	46-44
UMFN:UMFG	

B-riðill

Tindastóll:ÚÍA	39-37
Tindastóll:Þór	26-21
ÚÍA:Tindastóll	34-32
ÚÍA:Þór	56-30
Þór:Tindastóll	30-37
Þór:ÚÍA	36-40

Úrslitaleikur í riðlinum
Tindastóll-ÚÍA

C-riðill

Fram:KR	21-31
Fram:UMFS	45-46
KR:Fram	47-41
KR:UMFS	0-2
UMFS:Fram	39-50
UMFS:KR	36-48

D-riðill

Ármann:Hörður	0-2
Ármann:ÍR	35-72
Ármann:Valur	70-39
Hörður:Ármann	61-26
Hörður:ÍR	0-2
Hörður:Valur	47-19
ÍR:Valur	67-23
ÍR:Ármann	73-28
ÍR:Hörður	55-29
Valur:Ármann	36-63
Valur:Hörður	22-52
Valur:ÍR	20-74

Til úrslita í 3. flokki léku
því:

Haukar, Tindastóll, KR og ÍR

Haukar:Tindastóll	28-26
KR:ÍR	34-53
Haukar:KR	34-37
Tindastóll:ÍR	36-37
ÍR:Haukar	57-36
Tindastóll:KR	38-39

Íslandsmeistari er því ÍR

4. flokkur.A-riðill.

Haukar:Snæfell	2-0
Haukar:UMFS	50-17
Snæfell:Haukar	
Snæfell:UMFS	36-19
UMFS:Haukar	26-40

B-riðill.

Hörður:ÍBK	25-29
Hörður:UMFG	
Hörður:UMFN	45-46
ÍBK:Hörður	37-28
ÍBK:UMFG	30-29
ÍBK:UMFN	34-29
UMFG:Hörður	
UMFG:ÍBK	32 37
UMFG:UMFN	48-54
UMFN:Hörður	
UMFN:ÍBK	38-21
UMFN:UMFG	30-35

C-riðill.

Árman: Fram	36-44
Árman: ÍR	25-48
Árman: KR	21-39
Árman: Valur	29-33
Fram: Árman	45-39
Fram: ÍR	19-49
Fram: KR	31-30
Fram: Valur	42-32
ÍR: Árman	44-26
ÍR: Fram	
ÍR: KR	
ÍR: Valur	45-33
KR: Árman	31-26
KR: ÍR	
KR: Fram	
KR: Valur	
Valur: Árman	40-33
Valur: Fram	32-28
Valur: KR	26-40
Valur: ÍR	38-37

D-riðill

KA:Tindastóll	19-24
KA:Þór	
Tindastóll:KA	24-23
Tindastóll:Þór	
Þór:Tindastóll	
Þór:KA	9-23

Til úrslita íéku: Haukar, ÍBK,
KR og Tindastóll

Haukar:ÍBK	47-15
KR:Tindastóll	52-18
KR:Haukar	22-48
Tindastóll:ÍBK	40-37
Tindastóll-Haukar	32-35
ÍBK:KR	31-40

Íslandsmeistari er því Haukar.

Meistaraflokkur kvenna.

ÍR:KR	54-76
ÍR:ÍS	41-67
ÍR:Þór	51-44
KR:ÍR	63-48
KR:ÍS	52-43
KR:Þór	64-26
ÍS:ÍR	51-48
ÍS:KR	53-43
ÍS:Þór	(2-0)
Þór:ÍR	(2-0)
Þór:KR	28-42
Þór:ÍS	35-44

ÚRSLITALEIKUR fór fram í Njarðvík
 ÍS:KR 62-51

Íslandsmeistari er því ÍS

2. flokkur kvenna

ÍR:Hörður	25-2
Hörður:ÍR	(0-2)

Íslandsmeistari er því ÍR

Bikarkeppni.Karlar.1. umferð.

Esja:UBK	57-84
KRb-Ísb	88-58
ÍBK-Tindastóll	2-0

2. umferð.

Fram:KRb	69-60
UBK:KR	70-91
UMFS:Þór	65-81
ÍR:ÍBK	85-64

3. umferð.

ÍS:Ármann	112-89
UMFN:Fram	92-72
KR:ÍR	114-80
Þór:Valur	73-74

4. umferð.

ÍS:UMFN	
Valur:KR	75-57

Úrslitaleikur:

ÍS:Valur

Bikarmeistari er því ÍS

KONUR:

ÍS:ÍR	77-44
Þór:KR	44-52
ÍS:KR	58-34

Bikarmeistari er því ÍS

Skýrsla landsliðsnefndar.

Í byrjun desember kom landsliðsnefnd saman, Ingvar Sigurbjörns-son, Birgir Örn Birgis, Helgi Jóhannsson og Guðrún Ólafsdóttir og valdi eftirtalda leikmenn til æfinga í undirbúning fyrir Polar Cup:

Jón Sigurðsson (KR), Einar Bollason (KR), Bjarni Gunnar Sveinsson (ÍS), Kristinn Jörundsson (ÍR), Kolbeinn Kristinsson (ÍS), Atli Arason (ÁR), Kári Maríusson (UMFN), Símon Ólafsson (Fram) Bjarni Jóhannsson (KR), Þorsteinn Bjarnason (UMFN), Gunnar Þorvarðarson (UMFN), Jónas Jónsson (UMFN), Erlendur Markússon (ÍR), Torfi Magnússon (Val), Stefán Bjarkarson (UMFN), Geir Þorsteinsson (UMFN), Kristján Ágústsson (Val), Jón Jörundsson (ÍR), Ríkharður Hrafnkelsson (Val).

Landsliðspjálfari var þá þegar ráðinn Helgi Jóhannsson.

27-29 des. kom lið frá Luther-Collage í heimsókn og spilaði 3 leiki gegn úrvalsliði landsliðsnefndar.

Úrvalið - Luther Collage 100-97
 Úrvalið - Luther Collage 78-82
 Úrvalið - Luther Collage

Luther Collage hefur komið hér áður og er þetta í fyrsta skipti sem ísl.liðið hefur sigrað þá.

Auk þess hélt þjálfari Luther Collage Kent Finanger Þjálfaranámskeið fyrir ísl. þjálfara og leikmenn. Allt of fáir notfærðu sér þá kennslu.

Íslenzka landsliðinu var boðið í afmælistótt í Noregi 19-22. janúar. Eftirtaldir menn voru valdir í þá ferð:

Kristinn Jörundsson ÍR. fyrirliði
 Jón Sigurðsson KR
 Einar Bollason KR
 Torfi Magnússon Val
 Erlendur Markússon ÍR
 Þorsteinn Bjarnason Njarðvík
 Bjarni Jóhannsson KR
 Atli Arason Ármann
 Gunnar Þorvarðarson Njarðvík
 Geir Þorsteinsson Njarðvík.

Leiknir voru 3 landsleikir, sá fyrsti í Bergen 20 janúar

Ísland-Noregur 76-70 (36-38)

Annar leikurinn í Osló 21. janúar

Ísland-Noregur 76-88 (43-41)

Og sá síðasti í Kongsberg 22. janúar

Ísland-Noregur 92-108 (52-49)

Þrátt fyrir allt var þessi ferð góð reynsla fyrir ísl. landsliðið. Kom þar skýrt fram að norska landsliðið var í miklum framförum. Má því telja að þessi ferð var góður undirbúningur fyrir Polar Cup.

Æfingar hófust að nýju 2. apríl eftir að Íslandsmóti var lokið og var æft af fullum krafti einu sinni til tvisvar á dag fram að Polar-Cup.

Síðustu viku fyrir Polar-cup kom hingað til landsins, bandarískur þjálfari að nafni Danny Huston, aðstoðarþjálfari University of Washington, sem ásamt landsliðsþjálfara undirbjó liðið síðustu dagana fyrir mótið. Þáttur í þessum undirbúningi voru tveir leikir við Úrvalslið Varnaliðsins á Keflavíkflugvelli og Pressuleikur þar sem erlendu leikmenn 1. deilda liðanna léku með Pressunni og sigraði Úrvalslið landsliðsnefndar í öllum þessum leikjum.

Einnig hélt Danny Huston hér í Laugardalshöll Þjálfaranámskeið á meðan Polar Cup stóð yfir.

Landsliðið sem var endanlega valið til keppni fyrir Íslands hönd í Polar Cup voru eftirtaldir menn:

Jón Sigurðsson KR, fyrirliði
 Kári Maríusson UMFN
 Kolbeinn Kristinsson ÍS
 Bjarni Gunnar Sveinsson ÍS
 Torfi Magnússon Val
 Kristján Ágústsson Val
 Gunnar Þorvarðarson UMFN
 Símon Ólafsson Fram
 Þorsteinn Bjarnason UMFN
 Pétur Guðmundsson

Ísland varð í 3. sæti á mótinu og fékk bronzverðlaun. Einstaklingsverðlaun fékk Pétur Guðmundsson fyrir flest frákost og stigahæsti maður í mótinu. Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í nefndinni og þó sérstaklega Ingvari Sigurbjörnssyni fyrir mjög vel unnin störf.

Guðrún Ólafsdóttir.

Skýrsla unglínganefndar.

Verkefni unglínganefndar voru aðallega fjögur á liðnu starfsári. Æfingabúðir á Laugarvatni í ágúst, Bretlands-eyjaferð í september, Hraðmót í desember og Evrópumót juniora í mars s.l.

Æfingabúðir að Laugarvatni.

Til Laugarvatns höfðu verið boðaðir um 24 piltar úr árgöngunum 1959-1960 - 1961, en ekki mættu nema 14. Dvalið var á staðnum vikuna 5.-12. ágúst og aft samtals í 28 klst. auk þess sem farið var í sund, gufubað, sýndar kvikmyndir o.fl. Þar sem reynslan hefur sannað ágæti æfingabúðanna verður enn í sumar haldið til Laugarvatns.

Bretlandseyjaferð.

Eins og menn rekur eflaust minni til þá heimsótti okkur enska unglíngalandsliðið í apríl 1977. Samdist þá svo um að við kæmum til Englands til tveggja leikja í september. Einnig var samið við Skota um tvo leiki í sömu ferð. Haldið var utan 5. sept. og fyrri leikurinn við Skota fór fram 6. sept. í Glasgow og lauk honum með sigri Skota 76:72. Síðari leikurinn fór fram daginn eftir og þá sigruðu íslensku piltarnir með 76:74. Daginn eftir var haldið til Englands og fór fyrri leikurinn gegn Englandi fram í Blackpool 9. sept. og lauk honum með yfirburðasigri enskra 106:55. Á sömu leið fór síðari leikurinn, lauk með enskum sigri 87:47. Þrátt fyrir lélegri frammistöðu en búist hafði verið við, verður því ekki neitað að gagn er af slíkum ferðum. Þátttakendur í ferðinni voru þessir:

Sigurjón Sigurðsson ÍR, Hjörleifur Þórarinsson Val, Sturla Örlygsson UMFN, Ingvar P. Jóhannesson Fram, Flosi Sigurðsson Fram, Kristján Sigurðsson ÍR, Birgir Rafnsson Umf. Tindastóli, Guðjón M. Þórsteinsson ÍR, Gústaf Gústafsson Val og Guðbrandur Sigurðsson Fram.

Hraðmót unglíngalandsliðs 1977.

Þátttakendur í hraðmótinu voru: Ármann, Fram, KR, ÍR, ÍS, UMFN og Valur.

Dregið var um keppendur og röð leikja og urðu úrslit sem hér segir: Ármann-KR 24:40, Fram-ÍR 35:38, ÍS-UMFN 34:26, Valur-KR 24:21, ÍR - ÍS 30:35, og í úrslitum sigraði Valur ÍS með 27:21.

Ýmsir gallar komu í ljós við framkvæmd mótsins t.d. var villufjöldi of mikill og orsakaði það óþarfa hörku í leikjunum. Verður þetta atriði fært til betri vegar á næsta móti, en ráðgert er að slíkt mót verði á sama tíma í ár. Er þetta fyrst og fremst tekjuliður fyrir unglíngalandsliðið og ekki síður skemmtun fyrir áhorfendur og leikmenn, en á þessum tíma liggur öll keppni niðri. Tekjur af mótinu sjálfu urðu um 40.000.- og skiptist á milli þeirra leikmanna sem að því stóðu, en í leikskrá sem gefin var út, söfnuðust auglýsingar fyrir um 500.000.-. Veittir voru verðlaunapeningar og auk þess afhentur verðlaunagripur sem Modelhúsgögn gáfu. Sigurði Helgasyni eru hér með færðar góðar þakkir fyrir hans framlag.

Evrópumót juniora 1978. (Ludwigsburg, V. Þýsk. 26.-31. mars 1978).

Meginuppistaða þess liðs, sem keppti á þessu móti var á Laugarvatni s.l. sumar og hafði farið til Bretlandseyja s.l. haust.

Strax að lokinni þeirri ferð hófust æfingar einu sinni í viku í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi.

Samtals var æft í u.þ.b. 60 æfingartíma auk 24 æfingaleikja við 1. deildar félagin, en slíkir leikir eru mjög þýðingarmiklir í undirbúningnum. Er þjálfurum liðanna og forráðamönnum þakkað samstarfið.

Eins og allir vita eru ferðir sem þessi milljónafyrirtæki og verða leikmennirnir sjálfir að standa skil á fargjaldi sínu. Helsta fjáröflunarleiðin var hraðmótið sem áður hefur verið minnst á og þar til viðbótar voru spjaldhappdrætti.

Þessir piltar voru valdir til fararinnar:

Birgir Rafnsson Umf. Tindastóli, Flosi Sigurðsson Fram, Garðar Jóhannsson KR, Sveinn Sigurbergsson Haukum, Jón H. Steingrímsson Ármanni, Kristján Arason Haukum, Kristján Sigurðsson ÍR, Gústaf Gústafsson Val, Hjörleifur Þórarinnsson Val, Eyjólfur Guðlaugsson UMFG, Sturla Örlygsson ÍR, Guðjón Þorsteinsson ÍR.

Þegar á staðinn var komið, var því lýst yfir af fulltrúa FIBA, að aðeins 10 leikmenn hefðu leyfi til að taka þátt í mótinu og kom þetta mjög á óvart, þar sem bæði okkar hópur og sá vestur-þýski samanstóð af 12 leikmönnum. Var dregið um það hverjir yrðu að þola það hlutskipti að verða frá keppninni og kom það í hlut þeirra Sveins Sigurbergssonar Haukum og Jóns H. Steingrímssonar Ármanni. Þetta leiðinlega atvik skyggði á þá góðu samheldni sem einkennt hafði hópinn. Spurst hafði verið fyrir um þetta atriði hjá FIBA þrem mánuðum fyrir keppnina en ekkert svar borist.

Haldið var utan 24.mars og var fyrsti leikurinn á páskadag gegn Belgum, sem sigruðu 88:52 (51:27). Daginn eftir var leikið gegn Póllandi og aftur sömu söguna að segja. Leikurinn var góður þrátt fyrir litla sigurmöguleika og úrslitin á okkar mælikvarða alveg viðunandi, 92:59 (45:31). Þriðji leikurinn var gegn Vestur-Þjóðverjum og höfum við ekki í annan tíma fengið slíkan skell. Sigur Vestur-Þjóðverja var of mikill 120:42 en staðan í hálfleik 61:13. Það er erfitt fyrir aðra en þá sem hafa séð til þessara sterku unglíngalandsliða, að gera sér fulla grein fyrir styrkleika þeirra og ég leyfi mér að fullyrða að 1. deildar-félögin okkar saktu ekki gull í greipar þeirra. Af þeim 6 liðum í riðlinum komust 2 áfram og var því baráttan milli þessara þriggja stóru mikil og kappsmálið að ná sem hagstaðastri stigatölu. Þess vegna er ekkert gefið eftir þegar veikari þjóðirnar eiga í hlut. 4. leikurinn sem var gegn Portúgal, var nokkuð jafn. Staðan í hálfleik var 34:26 fyrir þá og reyndust Portugalarnir sterkari og sigruðu 74:64. Síðasti leikurinn var gegn Luxemborgurum og sigruðu þeir 92:89 eftir 17 stiga forskot um miðbik síðari hálfleiksins. Staðan í hálfleik var 48:43 fyrir Luxemborg.

Röð liðanna í riðlinum var: Belgía, Pólland, V.-Þýskaland, Portugal, Luxemborg, Ísland.

Dómari af Íslands hálfu var Kristbjörn Albertsson og stóð hann sig með þryði eins og reyndar í fararstjórahlutverkinu sem hann tók að sér þegar útséð varð að enginn slíkur fékkst til fararinnar.

Þökkum við honum samferðina og röggsama stjórn.

Vegna hins mikla kostnaðar við ferðina var farið fram á styrk frá Menntamálaráðuneytinu en svör voru neikvæð, en stjórn KKÍ hefur ákveðið að veita unglínganefnd kr. 100.000.- og fer það sem endurgreiðsla til þeirra leikmanna sem þátt tóku í ferðinni.

Unglínganefnd keypti á tímabilinu tvö sett af keppnisbúningum frá Adidas, hvítt og blátt, að verðmæti kr. 110.000.- Þessir búningar biðu okkar er til V-Þýskalands kom og voru notaðir á mótinu þar. Það sem gerði þessi búningakaup möguleg voru framlög leikmanna Þýskalandsferðarinnar, en hver þeirra lagði af mörkum kr. 2.500.-

Það hefur verið á verkefnalista unglínganefndar mörg undanfarin ár á láta útbúa merki (nælu) til að afhenda þeim piltum sem leikið hafa með unglíngalandsliði, og hefur hugmyndin verið sú að framleidd verði brons-silfur og gullmerki og verði afhent bronsmerki fyrir fyrsta leik, silfurmerki fyrir 10 leiki og gullmerkið fyrir 20 leiki. Þetta merki hefur nú verið teiknað af Ástmari Ólafssyni auglýsingateiknara og mun ÍSSpor sjá um framleiðslu á merkinu og er vonast til að þau verði tilbúin með haustinu.

Unglíngalandsliðsleikir KKI eru nú orðnir 46. 14 hafa unnist en 32 tapast. Stigatalan er samtals 2948:3930. Alls hafa 77 piltar leikið með unglíngalandsliðinu og skiptast þeir á eftirfarandi félög: ÍR 21, KR 11, Ármann 10, Fram 10, Valur 7, UMFN 7, Haukar 3, UMFL 2, UMFS 2, Snæfell 1, UBK 1, UMFG 1, Tindastóll 1.

Á s.l. vetri hætti Kristinn Stefánsson störfum í unglínganefnd en hann hefur starfað í nefndinni frá 1974. Eru honum hér með þökkun góð störf í þágu unglíngalandsliða okkar. Í hans stað kemur Ingvar Jónsson, en hann hefur mörg undanfarin ár þjálfað yngri flokka Hauka með góðum árangri. Ingvar er boðinn velkominn til starfa.

Verkefnin framundan:

- 1) Æfingabúðir verða á Laugarvatni í sumar, þriðja árið í röð og verða boðaðir þangað piltar fæddir 1960-61-62-63. Dvalartími hefur verið ákveðinn 11. - 18. ágúst.
- 2) Hraðmót verður haldið í desember milli jóla og nýjárs með þátttöku 7-8 liða og verður framkvæmdin svipuð og á síðasta móti.
- 3) Norðurlandamót unglínga fer fram í janúar 1979 að þessu sinni í Finnlandi. Rétt til þátttöku í þessu móti eiga piltar fæddir 1960 eða síðar. Mót þetta hefur hvorki verið tímasett né staðsett náðar.
- 4) Evrópumót unglínga (Cadetta) fer fram næsta vor en keppt er í riðlum. Rétt til þátttöku í þessu móti eiga piltar fæddir 1962 og síðar. Dregið verður í riðla keppninnar á FIBA þinginu í VARNA (Búlgaríu) sem haldið er í júní.

Eins og fram hefur komið, hefur unglínganefnd haft samskipti við fjölmarga aðila á liðnu starfsári og er yfirleitt góður skilningur fyrir hendi á því sem við erum að gera, en síðast en ekki síst viljum við þakka unglíngalandsliðspiltunum sjálfum fyrir samstarfið, en samheldni þeirra og dugnaður er til fyrirmyndar.

Reykjavík, 25.mai 1978
f.h. Unglínganefndar KKI
Gunnar Gunnarsson.

Skýrsla Polar Cup nefndar K.K.Í.Um 9. Polar Cup mótið, haldið í Reykjavík 21.-23. apríl 1978.Aðdragandi og undirbúningur.

Stjórn K.K.Í. skipaði á hausti 1977 3 menn í undirbúningsnefnd fyrir Polar Cup mótið og voru leikdagar þá þegar ákveðnir 21.-23. apríl 1978. Þessir menn voru Einar Matthíasson Þorsteinn Hallgrímsson og Helgi Ágústsson. Kom nefndin fljótlega saman og gerði sér grein fyrir helstu þáttum þess skipulags og undirbúnings er vinna þyrfti. Var í framhaldi af því gerð sérstök vinnuáætlun.

Höfðu í marsbyrjun verið haldnir 8 fundir, en urðu af skiljanlegum ástæðum enn fleiri eftir þann tíma. Fjárhagsáætlun var einnig gerð (fskj. 2.) og á grundvelli hennar var sótt um styrk til norræna menningarmálasjóðsins að upphæð d.kr. 100.000.- Var í því sambandi rætt við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins Birgi Thorlacius, sem sat á í stjórn sjóðsins og var hann rálinu strax vinsamlegur, þótt hann teldi líkur litlar á styrkveitingu.

Ræddi nefndin einnig við Þorstein Einarsson, íþróttafulltrúa ríkisins, er sat á í stjórn íþróttanefndar Norðurlandaráðs. Með bréfi dags. 10/4 barst neikvætt svar frá ráðinu, en nefndin hafði þá þegar munnlegar upplýsingar fyrir neituninni og hafði með hliðsjón af henni unnið nýja framkvæmdaáætlun. Gerði sú áætlun ráð fyrir um 1800 manns í áhorfendapörf til að mótið bæri sig. Jafnframt var með bréfi dags. 30. mars (fskj.) til menntamálaráðuneytisins sótt um styrk vegna móts-haldsins og samþykkti ráðuneytið eftir að mótinu var lokið, að greiða upphæð í styrk, er svaraði kostnaði við lokahóf mótsins. Leitað var munnlega hófanna við Reykjavíkurborg um styrk, en því var algerlega hafnað.

Nefndin fékk ýmsa menn til að taka að sér ákveðna þætti undirbúnings og framkvæmdar, má þar nefna helst dómara-starfsmanna og áhaldanefnd, form. Jón Otti Ólafsson, og tölfræðinefnd form. Erlendur Markússon.

Fengu þessir aðilar sér aðstoðarfólk og þjálfuðu sérstaklega í Íslandsmóti og Bikarkeppni K.K.Í. með Polar Cup í huga. Nefndir þessar störfuðu mjög sjálfstætt, en nutu góðrar samvinnu við ýmsa aðila svo sem við Sigurgeir og Gunnar Guðmannssyni hjá Í.B.R. og Íþróttahöll bæði við útvegum og uppsetningu 30 sek. klukku og við lausn annarra framkvæmdaatriða er máli skiptu. (Fánar í höll, æfingaaðstaða, tónlist, merki á búningssklefa).

Nefndin lét vinna á ný plakat í Kassagerð Reykjavíkur (1000 stk.) og var notuð sama mynd og 1968 með ártalsbreytingu að sjálfsögðu.

Stóðu í upphafi vonir til að selja mætti plakatið vel á mótinu, þar eð það seldist upp 1968. Svo reyndist ekki og birgðir því miður eftir. Um 250 eintökum var dreift til körfuknattleiksfélaga til að hengja upp í áróðursskyni. Verðið á plakatinu var kr. 300.-

Brjóstnælur voru gerðar hjá Magnúsi Baldvinssyni í tveimur gerðum þ.e. silfri og bronsi. Kostuðu þær í útsölu kr. 1000.- og kr. 600.-

Nokkuð gekk út af nælunum í sölu og var hverjum minnibolta-dreng gefið silfurmerki við-lok Íþróttamótsins í minnibolta.

Minna varð úr útstillingum í búðargluggum en ætlunin hafði verið, en verslunin Adam á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis stillti út körfuknattleiksvörum fyrir mótið og meðan á því stóð.

Sambandið við fjölmiðla var að mestu leyti í höndum framkvæmdastjóra KKÍ. Stefáns Ingólfssonar og tókst það með miklum ágætum. Var stig af stigi aukið streymi upplýsinga til fjölmiðla um mótið. Tveir blaðamannafundir voru haldnir og kappkostað að blaðamenn hefðu meðan á mótinu stóð sem allra fyrst þær upplýsingar sem að gagni máttu koma, s.s. tölfræðilegar upplýsingar. K.K.Í. hafði samið sérstaklega í heildarsamningi um sjónvarp frá mótinu og komu 200.000.-kr. inn fyrir þann lið. Nefndin samdi síðan sérstaklega um útvarpslýsingar við Hermann Gunnarsson og Guðmund Jónsson og nam sú upphæð kr. 100.000.-.

Samið var um gistingu og mat fyrir hina erlendu keppendur að Hótel Esju. Spöruðust með því móti verulegar fjárhæðir í akstur, en nokkur útgjöld urðu vegna keyrslu frá Keflavík. Tók bifreið frá Guðmundi Jónassyni Svía og Finna sérstaklega, en Danir og Norðmenn komu með áætlun G.J. á Loftleiðahótel og síðan áfram á Hótel Esju.

Tvær gerðir fána voru unnar hjá Fjölprent, í Þingholtssæti. Betri gerð er kostaði kr. 700.- (30 stk. gerð) og minni gerð er kostaði kr. 400.- (200 stk. gerð). Voru þetta oddveifur og var í upphafi hvers leiks Íslands afhentur fáni til andstæðingsins. Minni gerðin var höfð til sölu á kr. 600.- en seldist ekki nógu vel.

Sölustúlkur voru fengnar, fyrst 3, en síðan urðu þær 2.

Stóðu þær sig af mikilli þryði.

Auglýsingaöflun í leikskrá hófst seint, því miður, og var þá afhent að ósk landsliðsþjálfara þeim hóp er valinn var til æfinga. Sköruðu þær 2-3 menn fram úr.

Skyldu leikmenn fá 50% af innkomnu fé til þarfa landsliðshópsins. Nefndin hafði þá sjálf tekið ýmsar stærri auglýsingar til sín og vann að þeirri auglýsingaöflun sjálf. Prentun og lay-out annaðist Jón Otti Ólafsson í Borgarprent. Upplýsingar um liðin, einnig það íslenska, bárust alltof seint. Sama gegnir um ávarp er ritað var af menntamálaráðherra Vilhjálmi Hjálmarssyni. Fast var þó gengið eftir hvoru tveggja.

Prentun boðsmíða, kveðjukorta og aðgöngumiða að lokahófi var unnin í Borgarprent (fskj.)

Niðurröðun leikja var eitt af því fyrsta er nefndin gerði og var leikjaskrá send út í lok febrúar.(fskj.)
Var í gerð hennar reynt að gæta sjónarmiða er hentuðu Íslandi vel bæði fjárhagslega og keppnislega.

Framkvæmd mótsins.

Miklar umræður áttu sér stað í nefndinni um hin ýmsu framkvæmdaatriði mótshaldsins.

Taldi nefndin það höfuðatriði að allt kæmi vel út gagnvart áhorfendum og hafði í huga þá auknu aðsókn er verið hefur að mótum á s.l. vetri.

Ákveðið var að Lúðrasveitin Svanur léki á opnunarkvöldinu bæði þjóðsöngvana og léttu tónlist. Mun hafa tíðkast að leika aðeins þjóðsöng heimalandsins eða fanfare, en aðeins tók um 10 mín. að leika alla þjóðsöngvana og fór ekki illa á því.

Borgarstjórinn í Reykjavík Birgir Ísleifur Gunnarsson, setti mótið með raðu, en síðan tóku við þulir, þ.e. Kristbjörn Albertsson og Guðni Kolbeinsson. Bogi Þorsteinsson var sérstakur "kommissioner" mótsins. Hólmsteinn Sigurðsson var sérstakur síðameistari mótsins og gengu liðin inn í einfaldri röð, einn bring um völlinn og sneru síðan að áhorfendum, nema íslenska liðið, er sneri baki í endalínu. Dómarar gengu einnig fylktu liði.

Flaggað var með Norðurlandafánunum í statífi í einu horni hallarinnar og yfir dyrum búningasklefa voru litlir þjóðfánar til auðkenningar.

Blaðamenn höfðu sérstök sæti á senu, en borð ritara og línuvarðar var að venju fyrir framan þann pall.

Tölfræðisnillingar höfðu einnig aðstöðu á senunni. Sérstakir sóparar (4.fl.menn), klæddir Polar Cup skyrtum, er gefnar voru af Henson, voru fyrir aftan körfur og þurrkuðu úr "lyklinum" er tímar voru eða vítaskot tekin. Setti þetta nokkurn svip á. Sölustúlkur höfðu aðstöðu í anddyri og var þar m.a. seld leikskráin (gerð í 2000 eintökum) á 100 kr. stk.

Framkvæmd leikja tókst mjög vel og var sérstaklega skrifað um ágæti framkvæmdarinnar í Morgunblaðið og Tímann (fskj.)
Allir starfsmenn mótsins og íslensku dómarnir stóðu sig með þryði og báru gestirnir lof á mótshaldið.

Undirbúningsfundur var haldinn fyrir mótið með fulltrúum liðanna og dómurum og var sá fundur um röðun dómara og Bogi Þorsteinsson var valinn kommissioner mótsins. Jón Otti lagði fram tillögur um niðurröðun dómara og voru þær samþykktar að langmestu leyti óbreyttar. Hefðum við þó getað ákveðið niðurröðun algerlega sjálfir.

Úrslit leikja íslenska liðsins urðu sem hér segir:

Ísland	-	Finnland	62	-	99
Ísland	-	Danmörk	105	-	61
Ísland	-	Svíþjóð	82	-	99
Ísland	-	Noregur	96	-	84

Norðurlandameistarar urðu Finnar, Svíar í öðru sæti, Ísland í þriðja, Noregur í fjórða og Danir í fimmta.

Ekki vantaði nema herslumuninn á að íslenska liðið héldi til jafns við Svía í leik þeirra, en Finnar báru af að styrkleika.

Norska og danska liðið voru hinsvegar mun slakari og varla nema eins og meðal félaglið hérlandis í flestum leikja sinna.

Kveðjuhóf.

Verðlaunaafhending bikarsins fór fram í Laugardalshöll á síðasta leik loknum, en einstaklingsverðlaunin 3 fyrir hæsta stigaskorun, bestu vítaskot og flest fráköst voru afhent í lokahófinu sem haldið var uppi í Þórscafé..

Pétur Guðmundsson hlaut verðlaun fyrir flest fráköst og hæstu stigaskorun. Bogi Þorsteinsson var veislustjóri. Voru fararstjórum liðanna gefnar myndabækur um Ísland og fluttu þeir þakkarræðu. Fóru flestir erlendu gestanna mjög snemma úr hófinu og málir nefndin með því að ekki verði haldið hóf með slíku sniði. Ódýrari og óformlegri háttur er heppi-legri.

Landsliðsmönnum, konum þeirra, starfsmönnum og nefndamönnum var boðið á hófið, boðsgestir voru um 130 talsins með erlendu gestunum.

Lokaorð.-

Alger forsenda fyrir því að Polar Cup á Íslandi geti borið sig, er að mótið sé haldið mun fyrr á árinu eða innan marka keppnis-tímabilsins. Skipulag mótsins er mikið starf, en með tíma og vinnu má leysa þann þátt auðveldlega. Áhorfendur fáum við aðeins meðan fólk hefur áhuga á inniþróttum.

Alls komu rétt rúmlega 1100 áhorfendur að sjá leikina.

Veður var einstaklega bjart og gott og streymdi fólk úr bænum.

Alþjóðlegri bílasýningu var um það bil að ljúka og var mikil aðsókn að henni. Dró þetta mjög úr aðsókn.

Framkvæmdin tókst annars vel að áliti nefndarinnar og tókst með hækkuð auglýsinga og með styrkjum að ná endum saman á þessu mótshaldi.

Skýrsla Minniboltanefndar 1977 - 78.

Minniboltanefndin var skipuð 5 mönnum að mér skilst. Hennar hlutverk var að koma Íslandsmóti af stað. Einn af þessari drauganefnd kom að máli við mig og bað mig að koma þessu móti af stað, sem ég og gerði, því ég hélt að ég fengi hjálp frá nefndinni um framkvæmd þess. Eftir mikla erfiðleika hófst þetta mót loks í Hagaskólanum dagana 11. 12. og 13. maí. Í þessu móti tóku þátt 13 lið, 11 eldri og 2 í yngri aldersflokkum og var eldri flokknum skipt í eftirfarandi riðla:

1. riðill Haukar, K.R.(a), U.M.F.N.(b).
2. riðill Fram, U.B.K., Ármann (a), U.M.F.N.(a)
3. riðill Valur, K.R.(b), Í.R., Ármann(b).

Í fyrsta riðli unnu Haukar og í öðrum riðli Ármann, á betra stigaskori heldur en U.M.F.N.(a) og U.B.K., og Í.R. vann í þeim þriðja. Eftir harða og tvísýna keppni stóðu Haukar uppi sem sigurvegarar.

Haukar unnu Ármann (a) 40:39 og Í.R. 63:54. Ármann (a) vann svo Í.R. 62:54. Aðeins 2 lið voru í yngri flokknum og sigraði U.M.F.N. Í.R. 66:15, og vörðu titilinn frá því í fyrra.

Þar sem M.B. nefndin átti að sjá um þetta mót, langar mig til að segja nokkur orð. Tilkynningar um þetta mót áttu að berast fyrir síðustu áramót, en ekkert var gert fyrr en eftir Polar Cup, þegar ég var beðinn að hjálpa við að koma þessu af stað, og byrjar því mótið heilum 5 mánuðum seinna. Einnig sögðu flest lið mér að strákarnir væru flestir hättir að æfa og höfðu aðeins 2 daga til að húa þá saman, því ég gat ekki sagt þeim hvenær þetta yrði, því það gekk brösuglega að fá hús. En loks útvegaði formaður K.K.Í. húsið fyrir mig. Hverjum þetta allt er að kenna, lét ég ásagt, efalaust forystunni, finnst mér það skrítið, að ekki einn einasti úr nefndinni sem átti að sjá um þetta mót, skyldi mæta þá daga sem mótið fór fram. Nefndin átti að sjá um hús og starfsmenn. Aðeins einn maður sem hafði verið beðinn kom, hvort sem þeir voru fleiri eða ekki. Og til að fullkomna þetta allt saman kom ég að lokuðu húsi, það var búið að loka því fyrir sumarið, húsvörðurinn fékk aldrei að vita um þetta. Þarna stóð ég því einn með 140 stráka en þjálfarari og áhorfendur hlupu í skörðin. Það sem var ljósasti punkturinn í þessu móti var að PC nefndin gaf öllum strákunum PC merkið.

Hvað sem á að gera, verður að vera eitthvað róttækt, því svona framkvæmd er til háborinnar skammar fyrir körfuboltann og eins og einn þjálfarinn sagði, átti að hafa þetta í mótaskránni og fá leikina dreifða á veturnum, því þessi mót sem þeir fá á hverjum vetri eru aðeins 2 mót sem standa 2 helgar. Og að lokum vil ég þakka þeim sem hjálpuðu mér við þetta og sérstaklega húsverði Hagaskólans og skora svo á næstu stjórn að gera eitthvað, því lélegra getur þetta ekki verið.

Virðingarfyllst, Jón S.Jörundsson.

Skýrsla Dómaranefndar.

Dómaranefnd K.K.Í. 1977 - 78 var skipuð eftirtöldum mönnum:

Jón Otti Ólafsson, formaður, Sigurður V. Halldórsson, gjaldkeri og Erlendur Eysteinnsson meðstjórnandi.

Helstu verkefni nefndarinnar voru að venju að raða niður dómurum á 1. 2. og 3. deild karla og 1. deild kvenna á Íslandsmótinu og Bikarkeppni K.K.Í., einnig sáum við um fleiri mót s.s. Reykjavíkurmótið (Mfl.), hraðmót unglingslandsliðsins sem háð var um áramótin, sendiherrakeppnina og fleira mætti telja og ekki hvað síst að við sáum um allt skipulag og niðurröðun starfsfólks á alla leiki Norðurlandamótsins (Polar Cup) sem haldið var hér á landi dagana 21.-23. apríl s.l.

Kristbjörn Albertsson fór tvívegis utan til að dæma. Með landsliðinu til Noregs og unglingslandsliðinu til Þýskalands og þótti hann standa sig mjög vel sem hans er von vísa.

Á Norðurlandamótinu sem áður hefur verið minnst á, dæmdu fjórir áslenskir dómarar, þeir Hörður Tulínus, Erlendur Eysteinnsson, Kristbjörn Albertsson og Sigurður V. Halldórsson. Var það samdóma álit manna almennt að þeir hefðu staðið sig mjög vel og hvergi gefið eftir hinum erlendu dómurum.

Ég undirritaður hef nú verið formaður þessarar nefndar s.l. fimm ár og fann ég glöggst á síðasta ári að kominn er tími til að ég hætti og hef ákveðið svo. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim fjölmörgu mönnum sem starfað hafa með mér á undanförunum árum, fyrir samstarfið og viðkynninguna og jafnframt óska ég næsta formanni alls góðs í starfinu.

Jón Otti Ólafsson.

XXII. F.I.B.A. þing.

Dagana 16.-19. júní 1977 var 22. þing F.I.B.A. haldið í Stresa á Ítalíu. Fulltrúar allra Evrópulanda voru mættir á þingið, auk gesta frá Bandaríkjunum og Kanada. Fulltrúar Íslands voru þeir Bogi Þorsteinsson og Þorsteinn Guðnason.

Of langt mál yrði að gera öllum þeim málefnum skil sem tekin voru fyrir á þinginu. Skýrsla þingsins liggur á skrifstofu K.K.Í. Enda þótt mörg málefni sem hafa þýðingu fyrir Ísland, hafi verið afgreidd á þessu þingi, er ekki síður mikilvægt að eiga fulltrúa á þessum vettvangi af "diplomatiskum" ástæðum.